

Nr. 020 / 16 Ólafur Bjarnason SH 137***Skipverji slasast á augum***

Skipaskr.nr. 1304
Smíðaður: Akranes 1973, stál
Stærð: 112,7 brl. 200,7 bt.
Mesta lengd: 28,8 m *Skráð lengd:* 26,93 m
Breidd: 6,6 m *Dýpt:* 5,55 m
Vél: Alpha Diesel 368 kW, 1973
Fjöldi skipverja: 8



Ólafur Bjarnason©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. mars 2016 var Ólafur Bjarnason SH 137 að ljúka netaveiðum á Breiðafirði. Veður: SV 2-3 m/sek.

Skipverji sem var að slægja fékk gall úr fiski í bæði augun. Við skoðun hjá lækni kom í ljós að hornhimmur voru brunnar í báðum augum.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði kvaðst hafa tekið svo hraustlega innan úr fiskinum að gallið hefði sprautast framan í slasaða.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á að hægt sé að koma í veg fyrir óhöpp sem þessi með því að nota hlífðarglæraugu í aðgerð.